

Borgarráð

Afgreiðslubríf: Reglur um rafræna vöktun

Á fundi stafræns ráðs þann 12. júní 2024 voru fram drög að reglum um rafræna vöktun Reykjavíkurborgar ásamt bréfi þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 27. maí 2024. Samþykkt og vísað til borgarráðs til staðfestingar sbr. 4. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Stafrænt ráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er mikilvægt að til séu aðgengilegar og skýrar reglur um rafræna vöktun á vegum Reykjavíkurborgar, þar sem tilgangur og notkun eru skýrt skilgreind. Mikilvægt er að notkun rafrænnar vöktunar sé ekki meiri en nauðsynlegt er, að aðgangur að og varðveisla gagna sem til verða við þá vöktun fylgi skýrum reglum sem fara að lögum um persónuvernd. Eins er mikilvægt að sá tæknibúnaður sem notaður er við slíka vöktun fylgi stöðlum, sé sambærilegur við kerfi borgarinnar og opni ekki á hættu á öryggisbrestum, en í gildi eru reglur um búnað sem fái aðgang að innri kerfum. Mikilvægt er í kjölfarið að svið og skrifstofur borgarinnar sem notast við rafrænt eftirlit setji sér nánari reglur í samræmi við þær sem hér eru.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Eva Pandora

Eva Pandora Baldursdóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík, 27. maí 2024
PON24050033

Viðtakandi: Stafrænt ráð
Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Efni: Reglur um rafræna vöktun

Óskað er eftir að stafrænt ráð samþykki drög starfshóps að reglum um rafræna vöktun.

Greinargerð:

Með erindisbréfi, dags. 1. nóvember 2023, PON23110003, var skipaður starfshópur um smíði reglna um rafræna myndavélavöktun. Skipan starfshópsins er hluti stærra verkefnis vegna utanumhalds og eftirlits rafrænnar vöktunar á vegum Reykjavíkurborgar en þjónustu- og nýsköpunarsviði var falið verkefnið á fundi borgarráðs þann 19. október 2023.

Hlutverk starfshópsins var að skrifa reglur um rafræna vöktun öryggismyndavéla hjá Reykjavíkurborg.

Starfshópurinn skipaði:

Aldís Geirdal Sverrisdóttir (formaður), teymisstjóri lögfræðipjónustu, þjónustu- og nýsköpunarsviðs
Hildur Kristín Friðleifsdóttir, persónuverndarsérfræðingur velferðarsviðs
Auður Ásgrímsdóttir, persónuverndarsérfræðingur menningar- og íþróttasviðs
Katrín Elva Gunnarsdóttir, persónuverndarsérfræðingur skóla- og frístundasviðs
Loftur Steinar Loftsson, deildarstjóri tæknirekstus þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Verkefnastjóri hópsins var Eva Pandora Baldursdóttir og Sæþór Fannberg var starfsmaður hópsins.

Engar formlegar reglur um rafræna vöktun með öryggismyndavélum hafa verið í gildi hjá Reykjavíkurborg. Innan sviða borgarinnar eru til ýmsar óformlegar verklagsreglur um notkun öryggismyndavéla en nauðsynlegt er að tryggja samræmdar meginreglur sem ná þvert á svið borgarinnar. Í ljósi umræðna í þjóðfélaginu er varðar almennt myndavélaeftirlit á landsvísu hefur borgin þegar brugðist við með því að útbúa samræmdar merkingar og upplýsingagjöf sem staðsettar eru þar sem myndavélaeftirlit fer fram á vegum borgarinnar.

Á starfstíma hefur starfshópurinn fundað í 4 skipti. Drögin voru kynnt fulltrúum allra sviða sem eiga sæti í persónuverndarteymi Reykjavíkurborgar auk persónuverndarfulltrúa borgarinnar. Samhliða voru fulltrúum og persónuverndarfulltrúa gefinn kostur á að koma fram athugasemdum við regludrögin. Starfshópurinn hefur farið yfir athugasemdir og tekið afstöðu til innsendra athugasemda. Endanleg drög að reglunum voru lögð fram á fundi persónuverndarteymis borgarinnar þann 12. mars 2024, þau samþykkt og ákveðið að vísa þeim til stafræns ráðs.



Starfshópurinn leggur til að áfram verði unnið að frekari verklagsreglum um uppsetningu og rekstur myndavélavöktunar þar sem gætt verði að þörfum ólíkra sviða en notkun myndavéla kann að þjóna mismunandi tilgangi hjá sviðunum eða einingum innan sviða. Til að mynda gilda sértækari reglur um hollustuhætti á sund og baðstöðum. Þá leggur starfshópurinn til að unnið verði að því að tryggja almenna fræðslu til starfsfólks vegna myndavélavöktunar og þá sérstaklega til starfsfólks sem starfar innan rýma með aukinni vöktun, s.s. á starfsstöðvum VEL og MÍR.

Við störf nefndarinnar kom í ljós að í almennri persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar vantar ákvæði um að aðilum sé frjálst að beina ágreiningi eða kvörtunum beint til Persónuverndar án milligöngu persónuverndarfulltrúa borgarinnar. Lagt er til að stefnan verði uppfærð við fyrsta tækifæri.

Hjálögð eru drög að reglum Reykjavíkurborgar um rafræna myndavélavöktun.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,


Sæþór Fannberg
lögfræðingur

Reglur Reykjavíkurborgar um rafræna myndavélavöktun

1 Markmið

- 1.1 Reykjavíkurborg hefur sett sér eftirfarandi reglur um rafræna myndavélavöktun. Rafræn vöktun nær bæði til vöktunar þar sem persónuupplýsingar eru geymdar og hugsanlega unnar frekar og vöktunar sem fer fram í rauntíma án þess að fram fari söfnun myndefnis eða vinnsla persónuupplýsinga
- 1.2 Reglurnar byggja á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, reglum Persónuverndar nr. 50/2023 um rafræna vöktun og persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar.

2 Tilgangur og meðalhóf

- 2.1 Tilgangur með rafrænni vöktun er að vernda eigur Reykjavíkurborgar fyrir skemmdum, að ekki sé farið um byggingar í leyfisleysi og til þess að tryggja öryggi starfsfólks, notenda og annarra sem um svæðin fara.
- 2.2 Reglunum er ætlað að tryggja meðalhóf, virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og ganga ekki lengra en nauðsyn ber til.

3 Umfang og fræðsla

- 3.1 Reykjavíkurborg hefur sett upp myndavélar á starfsstöðvum sínum þar sem rafræn vöktun er talin nauðsynleg á grundvelli öryggis eða eignavörslu.
- 3.2 Er myndavélum almennt komið upp innanhúss; í anddyrum, miðrymum og öðrum opnum rýmum sem og utandyra.
- 3.3 Merkingar eru á þeim stöðum þar sem vöktun fer fram.
- 3.4 Vöktun og reglur þessar eru kynntar þeim sem vöktun hefur áhrif á, hvort sem um ræðir starfsfólk og/eða notendur.

4 Meginreglur sem gilda um rafræna vöktun

- 4.1 Persónuupplýsingar sem verða til við rafræna vöktun skal fara með í samræmi við 8. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, reglum nr. 50/2023 um rafræna vöktun og persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar.
- 4.2 Upplýsingar skal vinna með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og öll meðferð þeirra skal samrýmast vönduðum vinnsluháttum persónuupplýsinga.
- 4.3 Upplýsingum er safnað í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og eru ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi.
- 4.4 Upplýsingar skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

5 Varðveisla persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun

- 5.1 Upplýsingum, sem verða til við rafræna vöktun, skal eyða um leið og ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær.

5.2 Upplýsingar sem verða til við rafræna vöktun má aldrei varðveita lengur en í 30 daga nema málefnaleg ástæða sé til að varðveita þær lengur, eða í samræmi við reglur Persónuverndar hverju sinni. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggt á fyrirmælum í lögum eða að borgin vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra eða í samræmi við ákvæði 11. gr. reglna Persónuverndar nr. 50/2023 um rafræna vöktun.

6 Skoðun persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun

6.1 Myndefni úr myndavélum skal eingöngu skoða ef upp koma atvik er varða eignavörslu, öryggi eða refsiverða háttsemi. Einungis skilgreindir aðilar og þeir sem þurfa starfs síns vegna að hafa til þess leyfi hjá Reykjavíkurborg geta skoðað og/eða vinna með upptökurnar. Öll skoðun og vinnsla myndefnis skal vera skrásett, þar sem fram kemur hverjir skoðuðu og/eða unnu efnið ásamt tilgangi.

6.2 Berist krafa frá aðila um að sjá gögn sem hafa orðið til við rafræna vöktun, skulu gögn skoðuð og gengið úr skugga um að upptaka sé af aðila. Séu aðrir persónugreinanlegir einstaklingar á upptöku skal þeim að jafnaði veittur kostur á að vera viðstaddir skoðun. Komi upp ágreiningur, m.a. vegna hagsmuna utanaðkomandi aðila, má vísa honum til úrlausnar Persónuverndar.

6.3 Ef skoðun á myndefni leiðir í ljós að grunur sé um atvik er varða eignavörslu, öryggi eða refsiverða háttsemi þar sem börn koma við sögu skal forsjáraðilum þeirra barna gert viðvart og þeim gerð grein fyrir möguleika á því að fá að vera viðstaddir skoðun á efni.

7 Afhending persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun til utanaðkomandi aðila

Óheimilt er að afhenda utanaðkomandi aðila upplýsingar sem safnast hafa með eftirlitsmyndavélum nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt reglum eða ákvörðun Persónuverndar. Undantekningar frá þessu eru tæmandi taldar upp í 10. gr. reglna nr. 50/2023 eða reglum Persónuverndar hverju sinni.

8 Andmæli við framkvæmd vöktunar

8.1 Komi fram athugasemdir eða andmæli við framkvæmd vöktunar og/eða ábendingar um að hún uppylli ekki þær kröfur sem settar eru í reglum þessum eða lögum skal hafa samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar með því að senda tölvupóst á personuverndarfulltrui@reykjavik.is.

8.2 Ágreiningi og kvörtunum vegna vöktunar eftirlitsmyndavéla á vegum Reykjavíkurborgar má einnig beina til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

9 Vöktun lögreglu og Neyðarlínu

Reglur þessar gilda ekki um eftirlitsmyndavélakerfi sem sett hefur verið upp í samstarfi við lögreglu og Neyðarlínuna enda er aðkoma Reykjavíkurborgar við þá vöktun takmörkuð við kaup á búnaði, uppsetningu og merkingar. Reykjavíkurborg ákveður ekki tilgang vinnslu né hefur aðgang að upptökum úr slíkum búnaði.

Samþykkt í stafrænu ráði 12. júní 2024